



Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2019090069

26. september 2019

### Hverfisgata við Smiðjustíg, vörulosunarstæði

Lagt er til að núverandi safnstæði hópþreifreiða á Hverfisgötu við Smiðjustíg verði skilgreint sem stæði til vörulosunar án tímatakmarkana og þar verði ekki heimil lagning ökutækja. Merking verði með umferðarskilti B24.11 og undirmerki vörulosun ásamt gildislengd 20 metrar.


Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Lagt var fyrir skipulags- og samgönguráð bréf Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) þann 16. janúar 2019, þar sem fram kom sú tillaga að safnstæði 7 við Traðarkot yrði lokað sökum „mikilla vandkvæða“ við stæðið. Einnig hefur borið á kvörtunum íbúa, þar sem hópferðabifreiðum er lagt á gangstéttum, fyrir gatnamótum við Smiðjustíg og aðgangi að Traðarkoti. Þá var stæðið einnig farið að hafa neikvæð áhrif á ferðatíma strætó.

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

Bjarni Rúnar Ingvarsson

Ráðgjafaverkfræðingur



Mynd 1 Lagt er til að heimilt verði að afgreiða vörur, en annars óheimilt að stöðva og leggja, á Hverfiggötu, merkt með rauðu. ([www.borgarvefsja.is](http://www.borgarvefsja.is), LUKR/Samsýn)



Mynd 2 Lagt er til að heimilt verði að afgreiða vörur, en annars óheimilt að stöðva og leggja, á Hverfiggötu, merkt með rauðu. ([www.ja.is](http://www.ja.is))